

78  
8. oktbr.

# Reglugjörð

## um skipun slökkviliðs og brunamála í Siglufjarðarkaupstað.

### I. Um skipun brunamálanefndar og verksvið hennar.

#### 1. gr.

Brunamálanefnd er skipuð 5 mönnum, formanni bæjarstjórnar, sem er formaður nefndarinnar, slökkviliðsstjóra og þeim bæjarfulltrúum, er bæjarstjórn kfs. Kosningar í nefndina fara fram á sama hátt og kosningar í aðrar nefndir bæjarstjórnarinnar, að afloknum venjulegum bæjarfulltrúakosningum.

Brunamálanefnd hefir á hendi, undir umsjón bæjarstjórnarinnar, stjórn brunamála kaupstaðarins, að svo miklu leyti sem það ekki beinlínis ber undir slökkviliðsstjóra eða lög-reglustóra. Hún skal hafa eftirlit með því, að akvæðum brunamálalaganna og reglugjörðar þessarar sje í einu sem öllu framfylgt og fullnægja skyldum þeim, sem henni eru þar á herðar lagðar.

### II. Hver slökkviliðshöld húseigandi skuli útvega og láta fylgja húsi sínu.

#### 2. gr.

Hverju húsi skal fylgja einn krókstjaki hæfilega sterkur og minnst 5 m. langur. Ennfremur stigi, er sje svo langur að hann nái upp í glugga á efsta íbúðarherbergi hússins, og 2 tvær skjólur. Þessir hlutir skulu geymdir á tilteknum stað, er sje aðgengilegur fyrir slökkvilið.

Bæjarstjórnin getur látið setja í sjerhverju húsi kaupstaðarins slökkvitæki í sambandi við vatnsveitupur hússins. Húseigandi er skyldur að viðhalda slíkum slökkvitækjum og endurnýja þau, og má ekki nota þau til neins annars en þess, að verjast eldsvoða eða slökkva eld.

### III. Skylda borgaranna til að gegna slökkviliðsstörfum og skipun slökkviliðsins.

#### 3. gr.

Allir karlmenn á verkfærum aldri, sem heimilisfastir eru í kaupstaðnum eða stunda þar atvinnu, að undanskildum læknum, sóknarprestum, lyfsölum og símastöðvarstjórum, og þeim mönnum, sem með læknisvottorði sanna, að þeir fyrir heilsubilun sjeu ófærir til vinnu, eru skyldugir til að taka þátt í störfum slökkviliðsins.

Hver sá, er eigi mætir tafarlaust á vettvangi þegar er brunakall er hafið eða sýnir óhlýðni eða mótlþróa gegn fyrirskipunum yfirmanns, skal sæta sektum eftir þessari reglugjörð. Við æfingar skal þó að jafnaði eigi beita hærri sektum en 25 kr., nema brot sje ítrekað eða sjerstakar ástæður sjeu til.

## 4. gr.

78  
8. oktbr.

Slökkviliði bæjarins skal þannig skift:

- |                   |                 |
|-------------------|-----------------|
| 1. Björgunarlið   | 5. Brunahanalið |
| 2. Húsrifslíð     | 6. Brunaboðar   |
| 3. Vatnsslöngulið | 7. Lögreglulið. |
| 4. Stigalið       |                 |

## 5. gr.

Bæjarstjórnin skipar slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra eftir tillögum brunamálanefndar. En brunamálanefnd skipar liðstjóra og aðra starfsmenn slökkviliðsins eftir tillögu slökkviliðsstjóra. Við eldsvoða og æfingar skal slökkviliðsstjóri sjerstaklega snúa sjer til liðstjóranna með skipanir sínar.

## 6. gr.

Slökkviliðsstjóri hefir 300 kr. árslaun og varaslökkviliðsstjóri 100 kr., er greiðist úr bæjarsjóði. Kaup umsjónarmanna áhalda skal ákveða eftir samningi.

## 7. gr.

Bæjarstjóri ákveður, eftir tillögum brunamálanefndar, hver einkenni slökkviliðið skuli hafa þegar það er að starfa sínum. Kostnaður við útvegum slíkra einkenna greiðist úr bæjarsjóði.

## 8. gr.

Slökkviliðsstjóri og í forföllum hans varaslökkviliðsstjóri hefir á hendi allar framkvæmdir, er að eldsvörnum lúta og stjórnar slökkviliðinu í heild sinni við eldsvoða og við æfingar. Hann hefir eftirlit með slökkviahöldum bæjarins, heldur skrá yfir þau og sjer um, að þau sjeu í reglu og ætíð til taks. Hann hefir eftirlit með því, að yfirmenn hvers liðs færi nákvæma nafnaskrá yfir undirforingja, varamenn og aðstoðarmenn í sínu liði.

Hann skal við störf sín bera einkennishúfu eða hjálm og hefir rjett á að bera einkennisbúning eftir ákvæði brunamálanefndar.

Anglýsa skal árlega í blaði, sem gefið er út í kaupstaðnum, hver sje slökkviliðsstjóri, hvar hann býr og hverjir sjeu honum næstir yfirmanna í slökkviliðinu. Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri mega aldrei vera á brott úr bænum báðir í senn, nema alveg sjerstaklega standi á, enda hafi þeir leyfi lögreglustjóra til fjarverunnar.

## 9. gr.

1. Björgunarliðinu er skylt að mæta, þegar eldsvoða ber að höndum, á brunastaðnum svo fljótt sem unt er. Fyrsta verk þess skal vera að bjarga fólki, þá lifandi skepnum og síðan öllum dauðum munum, hverju nafni sem nefnist og undantekningarlaust. Enga björgun má það þó framkvæma, að undanskildu fólki og skepnum, nema eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra eða annars, sem gengur í hans stað.

2. Húsrifslíðið skal hafa á hendi að rífa það, sem þurfa þykir, eftir skipun slökkviliðsstjóra. Skulu liðsmenn ávalt vera með sín ákveðin verkfæri á brunastaðnum.

3. Vatnsslönguliðið skal koma slöngunum svo fyrir, að þægilegt sé að drepa eldinn eftir fyrirskipun yfirmannanna.

**78** 4. Stigaliðið skal sjá um, að stigar sjeu til eftir þörfum, reisa þá upp þar sem því 8. oktbr. er fyrirskipað og sjá um, að þeir sjeu svo tryggilega útbúnir, að ekki stafi hættu af. Ennfremur skulu þeir hjálpa til með brunaslöngurnar.

5. Brunahanaliðið skal sameina slöngurnar brunahönuunum, og skrúfa þá til eftir því sem slönguliðið óskar og yfirmenn fyrirskipa.

6. Brunaboðar skulu, þá er eldsvoða verður vart, gjöra slökkviliðinn aðvart með því að blása í lúðra. Sje það að næturþeli, skulu þeir blása í lúður við hús hvers liðsmanns þar til hann verður var við þá, og skal liðsmaður þegar gefa þeim merki um að hann hafi orðið þeirra var. Ekki mega þeir tala við nokkurn mann, nema segja götu og húsnúmer þar sem eldurinn er.

Skyldir skulu þeir, að afloknum útblástri, til að mæta á brunastaðnum og láta slökkviliðsstjóra þegar vita af sjer til frekari fyrirskipana. Líka skulu þeir skyldugir að tilkynna slökkviliðsæfingar eftir fyrirskipunum slökkviliðsstjóra.

7. Lögregluliðið mætir við eldstöðvarnar svo fljótt sem unt er, og er því skylt að halda á reglu við eldsvoða og við æfingar slökkviliðsins, varna óviðkomandi mönnum að koma nærri eldstöðvunum og banna alla umferð um götur þar sem þess þarf. Það skal og gæta þess, að mannþyrpingar hindri ekki eða tefji slökkvívjelaliðið eða aðrar liðdeildir slökkviliðsins. Það sjer um, að inn í hús, sem í eldhættu eru, fari enginn nema húsbúar sjálfir og björgunarlíðið. Það sjer um vörslu á björguðu góssi, annast brottflutning og aðhjúkrun þeirra, er fyrir slysum verða, visar burtu eða tekur fasta þá, er sekir verða um brot og kærir þá.

10. gr.

Hinar nánari starfsreglur fyrir hvern liðsflokk um sig, semur slökkviliðsstjóri með ráði brunamálaunefndar, og skulu yfirmenn hvers liðs birta þær liðsmönnum sem fyrirskipanir.

11. gr.

Það er skylda slökkviliðsins að vinna að því af fremsta megni að slökkva eld, er upp kann að koma í kaupstaðnum, þannig, að eigi standi hættu af, og takmarka útbreiðslu eldsins svo sem mögulegt er. Enginn slökkviliðsmaður má fara burt frá eldsvörnum fyrri en slökkviliðsstjóri gefur til þess merki.

Slökkviliðið er, gegn hæfilegri þóknun, er slökkviliðsstjóri og bæjarfógeti í hvert sinn ákveða, skyldugt til að kæfa eld í rústum og ryðja þær, ef þess er krafist.

12. gr.

Æfingar skal slökkviliðið halda minst 6 sinnum á ári, eina æfingu annan hvern mánuð, og skal kvatt til þeirra með venjulegu brunakalli.

#### IV. Um vatnstöku, vatnsburð, o. fl.

13.

Vatn til að slökkva eld, sem og til æfinga, skal tekið úr brunahönuum bæjarins. Það er á ábyrgð umsjónarmanns vatnsveitunnar og slökkviliðsstjóra, að allir brunahanar sjeu óskemdir og ávalt í notfæru ástandi, hvenær sem vatn þarf að taka úr þeim. Sje þess vandlega gætt að moka snjó frá þeim þegar þá fennir í kaf, og á tímabilinu frá 1. október til 1.

júni skal einusinni á mánuði sannprófa að þeir sjeu óskemdir. Enginu má taka vatn úr 78 brunahönum eða hreyfa við þeim að neinu leyti, nema hann hafi fengið til þess leyfi slökkvi-8. oktbr. liðstjóra og umsjónarmannsins.

## 14.

Skylt er sjerhverjum húseiganda að leyfa að vatn sje tekið úr vatnshönum í húsi hans til að slökkva með eld, gegn fullu endurgjaldi úr bæjarsjóði fyrir skemdir á húsi og öðrum fjármunum, sem af því hlýst, og má enginn, sem í húsinu er, leggja tálmanir í veg fyrir, að slökkviliðið hafi greiðan aðgang að vatnshönum hússins. Meðan verið er að slökkva eldsvoða eru bæjarbúar skyldir til að takmarka vatnsnotkun sína svo, að þeir noti vatn aðeins til nauðsynlegustu heimilisparfa.

## 15.

Ef hús brennur þar, sem vatnsveita liggur ekki að, eða ef vatn úr brunahönum nægir ekki, er sjerhverjum skylt að lána þau tæki, er hann hefir, til að flytja vatn, og leyfa að vatn sje tekið úr vatnsbólum þeim, sem á lóð hans eru eða hann hefir umráð yfir. Ef tæki, sem lánað hefir verið skemmist eða tinist, skal fult endurgjald koma fyrir úr bæjarsjóði.

## V. Um skoðun eldfæra og reykháfa.

## 16. gr.

Brunamálanefnd skal, eftir fyrirætlum bæjarstjórnar, tvisvar á ári hverju láta skoða eldfæri og reykháfa í öllum húsum bæjarins og líta eftir að þau sjeu útbúin lögum samkvæmt og að reykháfar hafi verið tilhlýðilega hreinsaðir, svo og að aðgæta hvort púðurbirgðir og önnur eldfim efni sjeu geymd sem vera ber. Komi það í ljós við skoðunina, að einhverju sje ábótavant í þessu, skal það tafarlaust bætt, ef hægt er. Ella má veita húsráðanda stuttan frest til að fá það lagfært, og skal þá, að honum liðnum, ný skoðun fara fram. Komi það í ljós við hina síðari skoðun, að enn sje ekki búíð að bæta úr því, sem að var fundið, skal tafarlaust kæra hlutaðeiganda fyrir lögreglustjóra, er kemur fram ábyrgð á hendur hinum brotlega og skyldar hann til að færa í lag það, sem lagfæra þarf.

## VI. Um brunaboðun.

## 17. gr.

Það er skylda hvers eins, er verður eldsvoða var að tilkynna það slökkviliðinu þegar í stað. Næturvörður skal á göngum sínum um bæinn hafa sjerstakt eftirlit með því, hvort eldur er að kvikna í húsum og tilkynna það þegar í stað slökkviliðsstjóra og öðrum úr slökkviliðinu, lögreglustjóra og símastjóra. Að öðru leyti skal, þar til önnur skipun verður gjörð, slökkviliðið kallað til með því að hefja brunakall um bæinn með brunalúðri, samanb. 9. gr. og 12. gr.

## VII. Ýmsar almennar varúðarreglur til að fyrirbyggja eldsvoða.

## 18. gr.

Á götum, stakkstæðum, torgum eða annarstaðar á almannafæri, eða milli húsa eða í görðum, má eigi sitja lausar eldstór eða bráðabirgðahlóðir til eldunar nema leyfi sje veitt til

**78** Þess í hvert skifti af slökkviliðsstjóranum, og ákveður hann þá, hvernig eldstæðið skuli út-  
8. oktbr. búið og hverra varúðarreglna skuli gæta. Þegar slík eldun er leyfð skulu menn ávalt vera við eldinn, og má eldunin ekki fara fram, ef þar nálægt er geymt mikið af eldnæmum efnum.

Hið sama er og um lýsisbræðslu, tjörugjörð og bikgjörð undir beru lofti. Í húsum inni má ekki hafa slíkt um hönd á næturþeli. Milli húsa eða úti við má ekki bera eldglæður, nema í lokuðum málmkössum.

#### 19. gr.

Eldivið, steinkol, mó og annað eldsneyti má ekki leggja fyrir utan hús, nema með samþykki brunamálanefndar, og veitir nefndin því, aðeins samþykki til þess, að af því geti ekki stafað veruleg eldshætta. Mikið af við og borðum má því aðeins hafa fyrir utan hús að slökkviliðsstjóri leyfi. Ákveður hann um leið hve stór hver trjástakkur megi vera, hve langt bil skuli vera í milli þeirra og minstu fjarlægð frá næsta húsi, sem þó aldrei má vera minna en 6 metr.

Það skal yfirleitt ekki leyft, að hafa viðarstakk hærri en 6 metra, ekki stærri að flatarmáli en 40 metra, enda standi þá ekki stakkarnir nær hver öðrum en 2 metra og ekki nær næsta húsi en 6 metra.

#### 20. gr.

Þar sem geymdar eru birgðir af steinolíu, terpentínu, bensíni eða áþekktum lýsingar vökvum skal hjer greindum varúðarreglum fylgt.

1. Sjeu birgðirnar meira en 800 lítrar, má hvorki bera um geymslustaðinu eld eða eða ljós, þótt byrgt sje í lokuðu ljóskeri, ekki kveikja á eldspítu, nje reykja þar tóbak. Heldur ekki mega þar vera eldstór, reykháfar eða hitaleiðslur.

2. Sjeu birgðirnar ekki meira en 800 lítrar og þær geymdar utanhúss, í gördum eða húsum, sem engin íbúð er í, má því að eins bera þar um ljós, að það sje í lokuðu ljóskeri, en eld má þar ekki kveikja nje bera. Ekki má þar heldur tappa ljósvökva úr tunnuna eða stærra sláti við ljós, nema ljósið sje geymt í lokuðu ljóskeri og það látið hanga a. m. k. í 2 metra fjarlægð.

3. Birgðir alt að 200 lítrum má geyma í sölu- eða smíðahúsum, en þó skulu þær geymdar á afviknum stað í málmiláti eða lokuðum flöskum.

4. Í húsum eða herbergjum, þar sem farið er með ljós eða eld, má ekki tappa úr slátum neitt ljósmeti, sem er svo eldfimt, að í því kvikni við 40 gr. hita hundradmæla (C).

5. Þar sem ljósvökvi er geymdur, hvort heldur úti eða inni í sölustöðum eða smíðahúsi, skal gæta als hreinlætis. Fari ljósvökvi niður á gólf í húsi, skal hann þerraður upp þegar í stað, svo vel sem hægt er. Í húsinu má ekki geyma eldnæma hluti nálægt ljósvökvunum, nema yfir þeim sje höfð ábreiða, sem ekki er eldnæm. Þar sem geymdir eru meira en 200 lítrar af framangreindum ljósvökvum, má enginn vinna fara fram, nema undir eftirliti fullorðins manns, er þar sje ávalt staddur. Ella skal geymslustaðurinn lokaður, svo að óviðkomandi menn komist þar ekki inn.

6. Í hverjum geymslustað skal prentað eintak af reglum þessum hanga á vegg þar þar sem það er hentugt til aflestrar.

#### 21. gr.

Í smíðahúsum handiðnamanna, sem fást við trjesmíðar, skal gæta þessara varúðarreglna:

1. Eld má ekki fara með nema í eldhúsinu eða ofninum og ekki má reykja þar tóbak.
2. Kertaljós má því aðeins nota, að það sje haft í ljóastjaka úr málm og nauð-

synlegrar varúðar gætt við meðferð þess. Sje borðlampi notaður skal, hann standa á þungum fæti, svo að ekki sje nætt við, að hann velti um koll.

**78**  
8. oktbr.

3. Þegar tinpottur er tekinn af eldstæði skal setja hann á málmlötu, er nál a. m. k. 8 ctm. út á alla vegu. Kantur málmlötunnar skal beygður upp á við.

4. Ekki má fleygja eldspítu á gólfíð þegar kveikt hefir verið á henni, heldur skal fleygja henni í ofninn eða leggja hana á málmlötu eða annan stað þar sem vissa er fyrir, að hún ekki geti kveikt frá sjer.

5. Trjespæmir, hey eða aðrir slíkir eldnæmir hlutir mega ekki liggja dreifðir um smíðahúsgólfíð dag frá degi. Á hverjum degi, að endaðri vinnu, skal þeim sópað saman og þeir bornir burtu úr smíðahúsinu eða þeim komið fyrir á sjerstökum stað í húsinu, sem ætlaður er fyrir þá. Miklar birgðir af trjespónum skal geyma í lokuðum klefa þar sem engin sjerstök eldhætta getur stafað af.

6. Miklar birgðir af trjesmíðæfni mega ekki liggja í göngum nje stígum, og heldur ekki utan við smíðahúsið nema sjerstakt leyfi slökkviliðsstjóra komi til. Handiðnamenn, sem fást bæði við trjesmíði og járnsmíði, mega ekki geyma meira viðarsmíðæfni í járnsmíðju sinni, en svo til þess, að vinnan verði int af hendi viðstöðu- og tafarlaust.

7. Þegar vinnu er lokið að kvöldi og áður en smíðir fara úr smíðjuhúsi, skal slökkva allan eld og ljós og loka húsinu svo að óviðkomandi menn komist ekki inn í það.

8. Í sjerhverju smíðahúsi skal vera sjerstakur vatnskranir með viðfestri vatnsslöngu.

9. Í sjerhverju smíðahúsi skal prentað eintak af reglum þessum fest á vegg þar sem auðvelt er að lesa það.

Forstöðumaður smíðahússins skal sjá um, að reglum þessum sje hlýtt og að hinnar mestu varúðar sje að öllu leyti gætt í allri meðferð á eldi og ljósi.

## VIII. Sektar ákvæði.

### 22. gr.

Með brot gegn reglugjörð þessari skal fara sem opinber lögreglumál og greiði hinn seki alt að 50 kr. sekt fyrir afbrot sitt í bæjarsjóð Siglufjarðar.

### 23. gr.

Reglugjörð þessi öðlist gildi 1. nóvember 1920.

Framanskráð reglugjörð, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar, staðfestist hjermeð samkvæmt 35. gr. laga nr. 30, 22. nóvember 1918, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

**Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 8 október 1920.**

**Pjetur Jónsson.**

*Oddur Hermannsson.*